

AUGLÝSING

um niðurfellingu aðflutningsgjalda og sölugjalds af farsímum.

1. gr.

Við tollafgreiðslu skal fella niður toll, sérstakt tímabundið vörugjald og sölugjald af farsímum (bílsímum).

Niðurfelling gjalda skv. 1. mgr. tekur til símans sjálfs með tónvalbúnaði, sleða (cassette) fyrir símann, samtalssíu (duplexfilter), loftnets, talfæris og sérstaks hátalara, enda sé búnaður þessi fluttur í einu lagi til landsins, sbr. 2. mgr. 50. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tollefirlit.

Skilyrðis 2. mgr. i.f. skal einnig gætt við úttekt úr tollvörugeymslu eftir því sem við á. Niðurfelling gjalda skal þó ná fram að ganga, þó að í sendingu eða úttekt úr tollvörugeymslu vanti loftnet og/eða sérstakan hátalara.

2. gr.

Það skilyrði er ennfremur sett að búnaðurinn hafi verið samþykktur af Póst- og símamálastofnun til notkunar í bílsímabjónustu stofnunarinnar og þar með hinu almenna símakerfi.

3. gr.

Nú er búnaður skv. 1. og 2. gr. fluttur inn til endursölu og er hann þá undanþeginn sölugjaldi við sölu.

4. gr.

Fjármálaráðuneytið sker úr ágreiningi sem rísa kann um framkvæmd og túlkun ákvæða auglýsingar þessarar.

5. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt lið 4.41 í 6. gr. fjárlaga nr. 85 31. desember 1983 og lögum nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði auglýsingar þessarar um niðurfellingu gjalda skulu taka til ofangreinds búnaðar sem tollafgreiddur hefur verið og/eða seldur frá og með 1. janúar 1984. Í þeim tilvikum getur endurgreiðsla gjalda átt sér stað og skulu ákvæði 4. gr. auglýsingar nr. 8 2. janúar 1981 gilda þar um eftir því sem við á. Umsókn um endurgreiðslu gjalda skal hafa borist viðkomandi innheimtumanni innan 6 mánaða frá dagsetningu auglýsingar þessarar. Að þeim tíma liðnum verður umsókn eigi tekin til greina.

Fjármálaráðuneytið, 6. febrúar 1984.

Albert Guðmundsson.

Björn Hafsteinsson.